

Fimmtudaginn 22. febrúar 1990.

Nr. 262/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Halldóri Fannari Ellertssyni**

(Sigurður Georgsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik. Hæfi héraðsdómara. Fangavist.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess, að „hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara er þess krafist, ef málið verður dæmt að efni til, að ákærði hljóti þá vægustu refsingu er lög framast leyfa. Jafnframt verði í því tilviki tekið tillit til þess að ákærði sætti 4. - 14. júní 1989 ólögmati einangrunarvist skv. 26. gr. laga nr. 48/1988“.

### **I.**

Verjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, sem dæmdi mál þetta, hafi verið vanhæfur til þess, sbr. dóm Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 og 35. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði var handtekinn 30. ágúst 1988 í Njarðvík að ósk rannsóknarlögreglu ríkisins og fluttur í fangageymslu lögreglunnar í Keflavík og þaðan samdægurs í fangageymsiu lögreglunnar í Reykjavík.

Rannsóknarlögregla ríkisins annaðist lögreglurannsókn máls þessa og sendi það ríkissaksóknara til ákvörðunar. Ríkissaksóknari gaf því næst út ákæru, sem lýst er í héraðsdómi.

Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

## II.

Héraðsdómari tók ekki skaðabótakröfur til efnismeðferðar í dómi sínum. Koma þær því ekki til skoðunar í Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

## III.

Ákærði hefur brotið þau refsíákvæði, sem greind eru í héraðsdómi.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 5. febrúar 1990 fékk ákærði hinn 6. ágúst 1988 reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 280 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Ákærði rauf „skilorð reynslulausnarinnar og hóf afplánun greindra 280 daga eftirstöðva þann 1. september 1988 og var hann í afplánun til 4. júní 1989, er hann var úrskurðaður í 10 daga einangrun vegna agabrota, skv. 26. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, frá 4. júní 1989 til 14. júní 1989. Hóf hann afplánun að einangrun lokinni þann 14. júní 1989 og lauk henni 18. júní 1989“.

Verjandi heldur því fram, að úrskurður yfirfangavarðar á grundvelli 26. gr. laga nr. 48/1988 þess efnis, að ákærði skyldi sæta einangrun í 10 daga, sé tvímælaust brot á 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og andstæður 2. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, en með úrskurðinum hafi ákærða verið gert að sæta 10 daga fangelsisvist umfram dæmda refsingu. Beri að hafa þetta í huga við ákvörðun refsingar.

Í þessu máli er eigi unnt að taka afstöðu til ofangreinds úrskurðar yfirfangavarðar. Kemur hann því ekki til álita við ákvörðun refsingar ákærða í málinu.

Hinn 12. september 1988 gekkst ákærði undir dómsátt í sakadómi í ávana- og fikniefnamálum og samþykkti að greiða 11.000 króna sekt í ríkissjóð. Var hér um að ræða brot á fikniefnalöggjöfni, sem ákærði framdi 9. desember 1987.

Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með vísan til 72. og 255. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

**Dómur sakadóms Keflavíkur 10. mars 1989.**

Ár 1989, föstudaginn 10. mars, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þorsteini Péturssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 89.0184: Ákærvaldið gegn Halldóri Fannari Ellertssyni.

Mál þetta, sem þingfest var mánudaginn 6. mars sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dagsettri 16. janúar 1989, á hendur „Halldóri Fannari Ellertssyni, Æsufelli 4, Reykjavík, fæddum að Tjaldanesi, Dalasýslu, 30. nóvember 1950, fyrir eftirgreind brot framin í ágúst 1988:

## 1.

Fyrir að nota í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann ritaði til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, sem ákærði hafði stolið:

1) Tékki nr. 466445, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 30.8. 1988. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og notaði hann sem greiðslu til Úlfars Þórs Marinóssonar, Kjarrhólma 12, Kópavogi, fyrir leiguakstur.

2) Tékki nr. 466440, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 29.8. 1988. Ákærði falsaði á tékkann útgefandanafnritunina Hörður B. Finnsson og seldi hann á Hótel Kristínu, Holtsgötu 47-49, Njarðvík.

Telst notkun ákærða á fyrrgreinda tékkanum varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en á þeim síðari við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

## 2.

Fyrir að framvísa þann 30. ágúst, í eftirgreindum verslunum í Keflavík greiðslukorti Harðar Björns Finnssonar, Æsufelli 4, Reykjavík, frá Kreditkortum hf., nr. 5414-8300-1068-2119, sem ákærði hafði stolið, látið skuldfæra úttektir á vöru á viðkomandi reikning Harðar hjá greiðslukortafyrir-

tækinu og jafnframt falsað nafn Harðar undir eftirgreindar sölunótur til staðfestingar viðskiptunum:

1) Í versluninni Hljómvali fyrir vöruúttekt kr. 10.120 samkvæmt sölunótu nr. 2763877.

2) Í Stapafelli hf., vöruúttekt kr. 25.132 samkvæmt sölunótu nr. 2157957.

3) Í versluninni Póseidon, Hafnargötu 19, úttekt á fatnaði kr. 11.500 samkvæmt sölunótu nr. 2723632.

4) Í versluninni Fatavali, Hafnargötu 31, úttekt á fatnaði kr. 7.060 samkvæmt sölunótu nr. 2723632 (sic).

5) Í versluninni Stapafelli andvirði tösku kr. 3.000 samkvæmt sölunótu nr. 2157959.

6) Í skóbúðinni Hafnargötu 35 andvirði kr. 3.850 samkvæmt sölunótu nr. 2844259.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlagna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Þann 31. ágúst 1988 var kærður til RLR þjófnaður á greiðslukorti og einnig sex tékkeyðublöðum frá Útvegsbanka Íslands. Þetta hafði gerst í veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ. Sá, sem varð fyrir þjófnaðinum, heitir Hörður Björn Finnsson, Æsufelli 4, Reykjavík. Við rannsókn kom í ljós, að Halldór Fannar Ellertsson, ákærði í máli þessu, reyndist hafa haft þessa hluti undir höndum. Þetta viðurkenndi hann hjá rannsóknarlögreglunni (sic) RLR 31. ágúst 1988. Hann viðurkenndi að hafa notað ávisanaheftið, eins og greinir frá í lið 1 í ákæru, og viðurkenndi hann notkun á greiðslukortinu, eins og kemur fram í lið 2 í ákæru, og vísast til hennar um frekari málavexti. Þennan framburð staðfesti hann svo í dómi þann 6. mars 1989.

#### *Niðurstaða.*

Með eigin framburði ákærða, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er í fullu samræmi við önnur gögn málsins, telst ákærði sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í ákæru, og varðar hún við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum samkvæmt sakavottorði.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árabílinu 1973 - 1987 sætt 21 refsisdómi, oftast fyrir brot gegn alm. hegningarlögum, síðast 26. júní 1987 (7

mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað). Hinn 6. ágúst 1988 hefur honum verið veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum.]

Ekki verður tekin afstaða til greiðslu skaðabóta í máli þessu, þar sem ýmist hafa þær ekki verið gerðar eða eru ófullnægjandi rökstuddar.

*Refsing.*

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, þar er tekið tillit til sakaferils ákærða.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---